

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum var samþykkt í borgarráði þann 3. febrúar 2005. Á fundi borgarráðs þann 20. september 2018 var samþykkt að skipa stýrihóp í þeim tilgangi að endurskoða stefnuna.

Hlutverk stýrihóps:

Hlutverk stýrihópsins er að leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum.

Helstu verkefni:

- Að yfirfara núverandi stefnu Reykjavíkurborgar, greina helstu þemu sem lögð verði áhersla á, og leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu sem ávarpi skýrt helstu áskoranir, markmið og tækifæri í alþjóðastarfi borgarinnar.
- Kanna tilhögun, umfang og eðli verkefna er varða móttöku erlendra gesta og ferða utanlands og gera tillögur að bættu fyrirkomulagi.

Stýrihópin skipa:

Þrír fulltrúar tilnefndir af borgarráði, þeirra á meðal forseti borgarstjórnar, Dóra Björt Guðjónsdóttir, sem er formaður hópsins.

Með hópnum starfar Hilmar Hildar Magnússon alþjóðafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eftir þörfum sérfræðingar á fagsviðum og skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn starfi í samráði við forsætisnefnd sem fer með alþjóðasamstarf borgarstjórnar. Hann leiti enn fremur ráðgjafar hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok maí 2019.

Reykjavík, 20. september 2018

Dagur B. Eggertsson